



Fjárfestakynning
Fyrstu 6 mánuðir 2015

28. ágúst 2015

VÍS

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2015



Félagið


- Hagnaður fjórðungsins nam 686 m.kr. sem nemur 0,29 krónum á hlut. Á sama tímabili í fyrra nam hagnaður 0,19 krónum á hlut.
- Arðsemi eigin fjár var 19,3% á ársgrunni.

Vátryggingarekstur

- Eigin iðgjöld hækka um 199 m.kr. frá fyrsta ársfjórðungi og eru 226 m.kr. hærrí en á öðrum ársfjórðungi í fyrra eða sem nemur 6%. Bókfærð iðgjöld eru 11,4% hærrí á öðrum fjórðungi en á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall var 103,7% samanborið við 96,9% á öðrum fjórðungi 2014
- Tjónatíðni hefur farið hækkandi á tímabilinu. Afkoma af ökutækjatrýggingum og þá sérstaklega af frjálsum ökutækjatrýggingum er lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Stjórntjón var tilkynnt í erlendra starfsemi á fjórðungi.
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 115 m.kr. samanborið við jákvæða framlegð um 160 m.kr. sama tímabil í fyrra.
- Kostnaðarhlutfall var 22,2% samanborið við 22,1% á sama fjórðungi 2014.

Fjárfestingastarfsemi

- Fjárfestingatekjur námu alls 952 m.kr á tímabilinu samanborið við 492 m.kr. á sama tíma í fyrra.
- Ávöxtun eignasafnsins nam 2,7%.



Helstu niðurstöður fyrri helming 2015



Félagið

- Hagnaður tímabilsins var 1.419 sem nemur 0,60 krónum á hlut.
- Arðsemi eigin fjár var 18,7% á ársgrunni.
- Ávöxtun eignasafns VÍS var góð í samanburði við helstu viðmiðunarvísitölur.
- Aukin tjónatíðni og veðurfar höfðu áhrif á rekstur.

Vátryggingarekstur


- Eigin iðgjöld hækka um 326 m.kr. frá fyrri hluta árs 2014, eða um 4,4%.
- Samsett hlutfall var 104,5% samanborið við 99,9% á fyrri hluta 2014.
- Aukin tjónatíðni og rysjótt veðurfar höfðu áhrif á rekstur félagsins á tímabilinu.
- Tjónakostnaður vegna óveðursins í mars telur um 3,7% í samsettu hlutfalli tímabilsins.
- Framlegð af vátryggingarekstri var neikvæð um 280 m.kr. samanborið við jákvæða framlegð um 94 m.kr. sama tímabil í fyrra.
- Kostnaðarhlutfall var 21,9% samanborið við 22,4% á sama tímabili 2014.

Fjárfestingastarfsemi

- Fjárfestingatekjur námu alls 2.065 m.kr á tímabilinu samanborið við 663 m.kr. á sama tíma í fyrra.
- Ávöxtun eignasafnsins nam 6,05%.

Efnahagur


- Þann 9. apríl s.l. var greiddur arður til hluthafa að fjárhæð 2.488 m.kr.
- Þann 30. apríl s.l. samþykkti stjórn nýja endurkaupaáætlun. Kaupa á eigin bréf allt að 1 ma.kr. að kaupvirði. Í lok júní hafði félagið keypt 33,1 milljón hluti fyrir samtals 255,8 m.kr.
- Eigin bréf félagsins námu 2,3% af heildarhlutafé þess í lok júní.




Þróun rekstrar



	m.kr.	6M 2015	6M 2014	2014
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	8.107	7.781	16.023
	Eigin iðgjöld	7.799	7.473	15.420
	Fjármunatekjur	2.065	663	2.439
	Heildartekjur	9.945	8.220	18.023
	Tjón tímabilsins	-6.377	-5.785	-12.297
	Eigin tjón	-6.388	-5.722	-12.119
	Rekstrarkostnaður	-2.024	-1.995	-3.922
	Heildargjöld	-8.405	-7.730	-16.069
	Hagnaður	1.419	451	1.710
Hlutföll	Tjónahlutfall	78,7%	74,3%	76,7%
	Eigið tjónahlutfall	81,9%	76,6%	78,6%
	Kostnaðarhlutfall	21,9%	22,4%	21,4%
	Endurtr.kostnaðarhlutfall	3,9%	3,2%	2,6%
	Samsett hlutfall	104,5%	99,9%	100,7%
	Eiginfjárlutfall	30,4%	31,9%	34,3%
	Arðsemi eiginfjár	18,7%	5,7%	10,5%
	Gjaldþolshlutfall	3,36	3,72	3,11



Afkomubrú



- Hagnaður nam 1.419 m.kr. samanborið við 451 m.kr. hagnað á sama tímabili í fyrra.
- Eigin iðgjöld vaxa um 4,4% frá sama tímabili 2014.
- Ávöxtun fjáreigna umtalsvert betri en á sama tímabili 2014 og er góð í samanburði við helstu viðmiðurnarvísitölur.
- Tjónakostnaður hefur hækkað vegna aukinnar tjónatíðni og slæms veðurfars í vetur auk þess sem eitt stórt tjón varð í erlendri starfsemi.
- Rekstrarkostnaður hækkar um 30 m.kr. eða um 1,45%. Á sama tímabili hækkaði launavísitala 6,0%, en launakostnaður er um 50% af rekstrarkostnaði.

Efnahagsreikningur



m.kr.

30.6.2015 31.12.2014

Efnahagur

Eignir

Fjárfestingar	31.497	33.258
Laust fé	1.649	1.400
Viðskiptakröfur	7.413	5.284
Endurtryggingaeignir	1.525	1.392
Aðrar kröfur	1.642	1.540
Hugbúnaður	1.322	1.185
Óefnislegar eignir	841	868
Aðrar eignir	1.583	1.539
Eignir samtals	47.472	46.466


Skuldir

Eigið fé	14.417	15.956
Vátryggingaskuld	30.294	27.577
Viðskiptaskuldir	1.430	697
Aðrar skuldir	1.331	2.236
Skuldir samtals	47.472	46.466

Hlutföll

Eiginfjárlutfall	30,4%	34,3%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,36	3,11

Efnahagur



Fjárfestingastarfsemi



Afkoma af fjárfestingastarfsemi

- Fjárfestingatekjur námu 2.065 m.kr. á fyrri árshelmingi samanborið við 663 m.kr. árið áður.
- Ávöxtun eignasafnsins var góð í samanburði við helstu viðmiðunarvísitölur, en hún var 6,05% á fyrri árshelmingi samanborið við 3,74% árið áður.
- Ávöxtun á skuldabréfasafninu var góð á öðrum ársfjórðungi.
- Innlend hlutabréf skiluðu góðri ávöxtun á öðrum ársfjórðungi en ávöxtun erlendra hlutabréfa var neikvæð.
- Styrking krónu gagnvart dollar á öðrum ársfjórðungi olli því að gengismunur var neikvæður.


Eignasafn

- Fjárfestingaeignir voru 33.146 m.kr. í lok júní samanborið við 34.658 m.kr. í upphafi árs.
- Á fyrri helmingi ársins var greiddur arður að fjárhæð 2.488 m.kr og keypt eign hlutabréf fyrir 470 m.kr.
- Eign í ríkistryggðum skuldabréfum hefur minnkað um 2.967 m.kr. á fyrri helmingi ársins.
- Hlutabréf í Eik fasteignafélagi voru skráð í Kauphöll Íslands á öðrum ársfjórðungi og færðust úr öðrum hlutabréfum í skráð hlutabréf.


Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar

- Váttryggingaskuld nam 30.294 m.kr. í lok júní.
- Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar voru á sama tíma 39.151 m.kr. eða 8.857 m.kr. umfram váttryggingaskuldina.

Fjárfestingaeignir (33.146)



Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar




Fjárfestingaeygnir



Fjárfestingaeygnir 30.6.2015

Hreyfingar tímabilsins


Ávöxtun tímabilsins




10 stærstu fjárfestingaeygir




10 stærstu eignir 31.12.14




Breyting



10 stærstu eignir 30.6.15



Fjárhagslegur styrkur



Styrkur tjónaskuldar

- Vátryggingaskuld VÍS nam 30.294 m.kr. 30. júní:
 - Tjónaskuld 22.151 m.kr.
 - Iðgjaldaskuld 8.143 m.kr.
- Hlutfall eigin tjónaskuldar af 12 mánaða iðgjöldum hefur farið hækkandi frá 2010 eða úr 117% í 132,9% í lok annars ársfjórðungs 2015.

Gjaldþol samstæðu

- Reiknað gjaldþol var 12.163 m.kr. í lok tímabilsins og hefur hækkað um 772 m.kr. frá áramótum.
- Ekki er tekið tillit til arðgreiðslu fyrir árið 2015.
- Í lok tímabilsins nam gjaldþol 3,36x lágmarksgjaldþol samkvæmt Solvency I.
- Eiginfjárlutfall samstæðu nam 30,3% í lok tímabilsins og lækkar frá 34,3% í árslok 2014 m.a. vegna arðgreiðslu að fjárhæð 2.488 m.kr. og kaupa á eigin hlutabréfum.
- Gjaldþolshlutfall skv. Solvency II var 1,65 um síðustu áramót.

Lykiltölur síðustu ársfjórðunga



m.kr. 1F 2014 2F 2014 3F 2014 4F 2014 1F 2015 2F 2015

Rekstur

Iðgjöld tímabilsins	3.861	3.921	4.072	4.170	3.959	4.148
Eigin iðgjöld	3.700	3.773	3.917	4.030	3.800	3.999
Fjármunatekjur	171	492	763	1.013	1.113	952
Heildartekjur	3.918	4.302	4.715	5.088	4.953	4.992

Tjón tímabilsins	-2.974	-2.811	-3.269	-3.243	-3.103	-3.274
Eigin tjón	-2.938	-2.784	-3.204	-3.193	-3.154	-3.234
Rekstrarkostnaður	-1.001	-994	-945	-980	-976	-1.048
Heildargjöld	-3.946	-3.783	-4.163	-4.177	-4.134	-4.271


Hagnaður	-14	465	455	804	733	686
-----------------	------------	------------	------------	------------	------------	------------

Hlutföll


Tjónahlutfall	77,0%	71,7%	80,3%	77,8%	78,4%	78,9%
Eigið tjónahlutfall	79,4%	73,8%	81,8%	79,2%	83,0%	80,9%
Kostnaðarhlutfall	22,7%	22,1%	20,2%	20,5%	21,5%	22,2%
Endurtr.k.hlutf.	3,2%	3,1%	2,2%	2,0%	5,3%	2,6%
Samsett hlutfall	102,9%	96,9%	102,7%	100,4%	105,2%	103,7%

Eiginfjárlutfall	29,5%	31,9%	32,6%	34,3%	27,6%	30,4%
Arðsemi eiginfjár	-0,4%	12,4%	11,9%	20,5%	18,3%	19,3%


Samsett hlutfall



Hagnaður



Fjárhagsskipan og mat á tjónaskuld



Gjaldþolshlutfall samkvæmt Solvency II

- Félagið vinnur að innleiðingu á löggjöf um váttryggingastarfsemi, Solvency II, sem taka á gildi 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi váttryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru reiknuð.
- Stjórn félagsins hefur sett samstæðunni markmið um áhættuvilja sem tekur mið af núverandi starfsemi auk neðri vikmarka. Samkvæmt markmiðunum á gjaldþolshlutfall samstæðunnar samkvæmt Solvency II að vera um 1,5 með neðri vikmörkum í 1,35. Virk áhættustýring og mælingar eiga að tryggja að markmið náist.
- Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum munu taka mið af settum markmiðum.
- Gjaldþolshlutfall samstæðunnar reiknað í samræmi við væntanlega nýja löggjöf var 1,65 í árslok 2014.
- Félagið keypti eigin hlutabréf fyrir 470 m.kr. á fyrri hluta ársins 2015 og átti sem nam 2,3% af heildarhlutafé þess þann 30. júní s.l..

Víkjandi lán (Tier 2)

- Stjórn félagsins hefur yfirfarið og lagt mat á áhrif mögulegrar útgáfu víkjandi láns samkvæmt kröfum um eiginfjárbátt 2 (Tier 2) á gjaldþol félagsins. Markmið útgáfu er að viðhalda sem bestri samsetningu eiginfjárbátta, sem taka mið af markmiðum félagsins um arðsemi eigin fjár, fjármagnskostnað og sveigjanleika í fjármagnsskipan félagsins. Ákvörðun stjórnar er að fara ekki í útgáfu að sinni en lagt verður mat á fýsileika útgáfu reglulega.

Tjónaskuld

- Félagið hyggst breyta reikningsskilaaðferð hvað varðar mat á tjónaskuld í árslok 2015 til samræmis við kröfur Solvency II. Samkvæmt nügildandi aðferð við útreikning á gjaldþoli felur tjónaskuldin í sér álag vegna óvissu en þetta álag er lægra í nýju löggjöfinni.
- Þar sem um er að ræða breytingu á reikningsskilaaðferð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum mun hún hafa áhrif á upphafsstöðu eigin fjár og tjónaskuldar ársins 2014 og verða rekstrarreikningar árána 2014 og 2015 jafnframt lagaðir að breytingunni. Tekjuskattar vegna breytingarinnar koma til greiðslu á árinu 2016.
- Í árslok 2014 nam reiknað umframvirði í tjónaskuld að meðtöldum sköttum um 4,7 ma.kr.

Fjárfest í innviðum

- Innleiðing á stöðluðu tryggingakerfi í samstarfi við danska hugbúnaðarfyrirtækið TIA er í lokafasa og verður afhent til viðtökuprófana á síðasta ársfjórðungi 2015.
- Áfram er fjárfest í innleiðingu á straumlínustjórnun (LEAN) og hafa stjórnendur sett sér það langtímamarkmið að byggja upp menningu sem grundvallast á stöðugum umbótum og vilja til að gera sífellt betur.
- Nýr vefur VIS.is gangsettur á öðrum ársfjórðungi.
- Með þessum fjárfestingum stígur félagið miklívæg skref í að byggja grunn að bættri rafrænni þjónustu með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir því að þessi styrking innviða geri félaginu kleift að bæta þjónustu og einfalda starfsemi sína og að fjárfestingin skili arði í formi lækkun kostnaðar til næstu ára.

Horfur

- Ágætur iðgjaldavöxtur var á fyrri helmingi ársins og reiknar félagið með að iðgjöld ársins vaxi um ríflega 4%.
- Líkur eru á að markmið félagsins um að samsett hlutfall á árinu 2015 verði undir 100% náist ekki og munar þar mestu um aukinn tjónþunga vegna óveðurs á fyrri hluta ársins.
- Afkoma af fjárfestingastarfsemi var góð á fyrri hluta ársins sé tekið mið af helstu viðmiðunarvísitölum og eru væntingar um að ávöxtun á síðari hluta ársins geti einnig orðið ágæt þó nokkurrar óvissu gæti og þá sérstaklega á erlendum mörkuðum.

SPURNINGAR





Um VÍS

VÍS

Áherslur stjórnenda í rekstri



Stefna VÍS

Hlutverk VÍS

er að vera traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi þeirra með öflugum forvörnum

Gildi VÍS

Umhyggja - Fagmennska - Árangur

Starfsáætlun

Unnið er eftir ítarlegri starfsáætlun til næstu tveggja ára

Framtíðarsýn

Fyrirmyndar VÍS – árslok 2017

Áherslur stjórnenda

Váttryggingastarfsemi

Sækja og rækta mikilvæg viðskiptasambönd
Áhættumat og verðlagning váttryggingaáhættu

Áhersla á öflugt forvarnarstarf

Auka ánægju viðskiptavina með einföldun og skilvirkni að leiðarljósi
Jákvæð afkoma af váttryggingastarfsemi með samsett hlutfall undir 100%

Fjárfestingastarfsemi


Traust langtímaávöxtun á fjárfestingasafni félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu

Fjárhagslegur styrkur

Viðhalda sterkri tjónaskuld

Viðhalda fjárhagslegum styrkleika

Stefnuhringur VÍS



Um VÍS




- VÍS er skráð á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. frá 24. apríl 2013.
- VÍS starfar skv. starfsleyfi frá FME og er eftirlitsskyldur aðili.
- Félagið starfar á skaðatryggingamarkaði og á líftryggingamarkaði í gegnum dótturfélagið Lífis.
- Starfsemi og stjórnarhættir VÍS markast af lögum um hlutafélög og vátryggingastarfsemi, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út.
- Í febrúar 2014 fékk VÍS vottun sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti.
- VÍS er í 17. sæti á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki, og er á listanum fimmta árið í röð.

Skipulag

- Nýtt skipurit skerpir áherslu félagsins á markaðinn og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.
- Skýr verkaskipting og ábyrgð einstakra sviða er snúa að vátryggingastarfsemi.
- Forstöðumaður fjárfestinga mótar og framfylgir fjárfestingastefnu með fjárfestingaráði og stjórn félagsins

Skipurit VÍS




Nokkrir lykilþættir úr starfseminni



- VÍS var stofnað árið 1989 með sameiningu Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Íslands sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1917.
- Hefur skilað rekstrarhagnaði 24 síðastliðin ár.
- Arðgreiðslufélag með heimild til kaupa á eigin bréfum.
- Stærsta tryggingafélag landsins með um þriðjungs markaðshlutdeild.
- Starfsmenn VÍS eru tæplega 200.
- Öflugt þjónustunet - 32 þjónustuskrifstofur um land allt.
- Mikil áhættudreifing í viðskiptamannastofni og yfir 80 þúsund viðskiptavinir.
- Vel skilgreind mörk eigin áhættu í endurtryggingastefnu.
- Fjöldi tjóna eru tæplega 30 þúsund á ári.
- Fjárhagslega sterkt með gjaldþolshlutfallið 3,36.

Fjöldi hluthafa VÍS 30.6. var um 950



Rekstur

m.kr.	2010	2011	2012	2013	2014
Iðgjöld ársins	14.986	15.560	16.460	16.090	16.023
Eigin iðgjöld	14.206	15.050	15.871	15.447	15.420
Fjármunatekjur	1.594	2.009	3.936	2.631	2.439
Heildartekjur	15.898	17.175	19.939	18.233	18.023
Tjón ársins	-11.977	-12.772	-12.113	-12.667	-12.297
Eigin tjón	-11.735	-12.750	-12.067	-11.663	-12.119
Rekstrarkostnaður	-3.087	-3.608	-4.044	-3.936	-3.922
Heildargjöld	-15.586	-16.556	-16.256	-15.677	-16.069

Hlutföll

Hagnaður	204	408	3.025	2.154	1.710
Tjónahlutfall	80,5%	82,1%	73,6%	78,7%	76,7%
Eigið tjónahlutfall	82,6%	84,7%	76,0%	75,5%	78,6%
Kostnaðarhlutfall	19,6%	20,8%	21,6%	21,4%	21,4%
Endurtr.kostnaðarhlutfall	2,7%	3,1%	3,3%	-2,2%	2,6%
Samsett hlutfall	102,8%	106,0%	98,5%	97,8%	100,7%
Eiginfjárlutfall	31,8%	30,3%	33,3%	35,9%	34,4%
Arðsemi eiginfjár	1,8%	3,6%	23,2%	13,9%	10,5%
Gjaldþolshlutfall	3,4	3,5	3,8	3,7	3,1

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem VÍS telur áreiðanlegar á hverjum tíma, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign VÍS. Upplýsingar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu.

Kynning þessi er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga ekki á nokkurn hátt að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. VÍS ber ekki á nokkurn hátt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

VÍS áréttar að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.



ÞAR SEM **TRYGGINGAR**
SNÚAST UM FÓLK